

Langanesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson

Reykjavík, 12. júní 2025

Tilvísun: 202505103 / 5.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna Staðarárvirkjunar í Bakkafirði

Langanesbyggð hefur, með erindi dags. 30. maí 2025, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 2. apríl 2025, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði með áætluðu uppsettu afli 0,99 MW og árlega orkuframleiðslu 6,1 GWh. Breyting aðalskipulags felst í skilgreiningu á um 200 ha svæði sem tekur til iðnaðarsvæðis fyrir Staðarárvirkjun, lón hennar og mannvirki ásamt efnistökusvæðum og tengingum við innviði. Í nýju deiliskipulagi verður útfærð stefna um uppbyggingu Staðarárvirkjunar og framkvæmdir tengdar henni, s.s. mannvirki virkjunarinnar, lón, vinnuvegi, veitur og nálæg efnistökusvæði. Unnið er að matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á að afstaða sveitarstjórnar til 5. gr. jarðalaga þarf að liggja fyrir þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Samráð

Minnt er á að hafa gott samráð í gegnum allt skipulagsferlið við íbúa og aðra hagsmunaaðila búsetta innan og utan sveitarfélags.

Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Stafrænt deiliskipulag

Minnt er á að frá og með **1. júní 2025** mun Skipulagsstofnun fara fram á að nýtt deiliskipulag sem berst stofnuninni skv. 42. gr. skipulagslaga, berist á stafrænu formi auk þess sem því verði skilað á pappír líkt og verið hefur. Í framhaldinu eiga allar breytingar, verulegar og óverulegar, sem gerðar verða á deiliskipulagi sem til er á stafrænu formi, að berast stofnuninni á stafrænu formi. [Gagnalýsing](#) og [leiðbeiningar](#) hafa verið gefnar út til að upplýsa notendur um innihald gagnanna og til að aðstoða bæði skipulagsfulltrúa og ráðgjafa við gerð stafræns deiliskipulags. Á vef [Skipulagsstofnunar](#) er auk þessa að finna sniðmát fyrir gerð stafræns deiliskipulags.

Margrét Þóra Sæmundsdóttir

